

Svar

ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um ráðherrabíla og bílstjóra.

1. *Hvaða lög og reglur kveða á um afnot ráðherra af ráðherrabílum í starfi annars vegar og utan starfs hins vegar?*

Í 8. gr. reglugerðar nr. 1281/2014, um bifreiðamál ríkisins, segir að leggja skuli ráðherrum ríkisstjórnarinnar til bifreið til afnota vegna starfa sinna og til aksturs frá heimili að vinnustað. Bifreiðin skal vera í eigu og rekstri ríkisins og vera útbúin öryggiskerfi og staðsetningarbúnaði. Slíkri bifreið skal að jafnaði ekið af sérstökum bifreiðarstjóra sem sinnir jafnframt hlutverki öryggisvarðar hlutaðeigandi ráðherra.

Gildandi reglugerð um bifreiðamál ríkisins er frá því 2014 og kom í stað eldri reglugerðar frá árinu 1991. Þá var hlutverki bifreiðarstjóra breytt og fengu þeir aukið hlutverk til að gegna öryggisgæslu ráðherra, m.a. með því að virkja öryggisbúnað ef þörf krefur og veita hlutaðeigandi ráðherra liðsinni ef upp koma aðstæður sem kunna að ógna öryggi farþega og bifreiðarstjóra. Þá var og sérstaklega mælt fyrir um að ráðherrabifreiðin skyldi nýtt til aksturs til og frá heimili ráðherra.

Þess skal getið að undanfarið hefur verið unnið að því að endurskipuleggja umsýslu og rekstur bifreiða Stjórnarráðsins og ráðningarsamband ráðherrabílstjóra. Innleiðing nýs fyrirkomulags stendur yfir. Það miðar að hagkvæmari rekstri allra ráðherrabifreiða og að skýrari umgjörð um notkun þeirra og um hlutverk bifreiðarstjóra. Eftirleiðis verður umsjón með bifreiðum, rekstur þeirra og endurnýjun hjá miðlægi þjónustueiningu Stjórnarráðsins. Endurnýjun bifreiða verður í samræmi við vistvæna innkaupastefnu ráðherrabifreiða sem ríkisstjórnin samþykkti í febrúar þessa árs. Þá miðar hið nýja fyrirkomulag að því að efla starfsumhverfi bifreiðarstjóra og gera þeim betur kleift að gegna öryggishlutverki gagnvart ráðherra.

2. *Hefur verið gert hlunnindamat vegna notkunar ráðherra á ráðherrabílum? Ef svo er, hvert er hlunnindamatið og á hvaða forsendum er það byggt?*

Samkvæmt eldri reglugerð frá árinu 1991 um bifreiðamál ríkisins kom fram að ráðherra gæti notað ráðherrabifreið til takmarkaðra einkanota. Í gildandi reglugerð er ekki fjallað sérstaklega um rétt til takmarkaðra einkanota og jafnframt er gert ráð fyrir að ráðherrum sé ekið til og frá heimili, m.a. vegna öryggissjónarmiða. Fyrir vikið er hlunnindamat ekki reiknað.

3. *Heldur ráðherra akstursdagbók þar sem skráð eru erindi og akstursvegalengd?*

Þar sem bifreiðin er einungis notuð til að aka ráðherra hefur ekki verið ástæða til að halda sérstaka akstursdagbók.

4. *Er akstursdagbók yfirfarin og það metið hvenær ráðherra notar bifreiðina í embættiserindum og hvenær í einkaerindum? Hver fer yfir og leggur mat á það?*

Sjá svar við 3. tölulið fyrirspurnar þessarar.

5. Hver er mánaðarlegur kostnaður við rekstur hvernar ráðherrabifreiðar frá og með árinu 2009? Sundurlíðun óskast á rekstri bifreiðar og kostnaði vegna bílstjóra.

Tafla 1. Mánaðarlegur rekstrarkostnaður ráðherrabifreiðar iðnaðar- og viðskiptaráðherra / ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunaráðherra.

	* 2013	2014	2015	2016	2017
jan.		254.362	568.344	245.726	102.347
febr.		224.466	210.388	83.899	192.469
mars		905.708	191.686	90.449	89.496
apr.		176.658	447.297	505.304	59.951
maí		340.185	115.836	168.993	62.581
júní	282.848	854.043	296.550	102.750	63.342
júlí	158.636	240.798	186.714	301.685	31.134
ág.	267.096	202.154	145.360	427.094	93.516
sept.	7.965	253.681	193.573	7.670	78.307
okt.	394.184	838.321	286.106	483.020	158.241
nóv.	202.013	331.399	249.641	34.092	61.657
des.	328.350	184.213	135.500	146.229	87.516

* Ath. um þessa og aðrar töflur: Á tímabilinu 2011–2013 voru bílamál allra ráðherrabíla í miðlægri stjórnsýslu innan Stjórnarráðsins, upplýsingar um kostnað frá því tímabili eru fengnar að hluta frá þeim aðilum.

Tafla 2. Mánaðarlegur kostnaður vegna bílstjóra og afleysingabílstjóra iðnaðar- og viðskiptaráðherra / ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunaráðherra.

	* 2013	2014	2015	2016	2017
jan.		682.299	706.338	1.135.874	754.782
febr.		615.999	638.575	1.186.026	764.550
mars		620.275	747.005	710.352	833.534
apr.		715.645	638.833	702.138	754.782
maí		678.119	678.999	1.121.077	808.031
júní	1.196.462	643.882	668.158	758.505	756.182
júlí	1.230.999	653.460	638.169	1.290.852	755.832
ág.	615.999	638.072	1.257.133	1.397.988	765.362
sept.	615.999	642.480	950.994	767.646	953.047
okt.	738.999	642.441	636.207	754.782	807.277
nóv.	673.280	716.012	2.199.357	1.009.182	1.125.172
des.	615.999	1.038.205	1.121.868	1.650.152	883.032

Á tímabilinu 1. september 2012 til 23. maí 2013 var einn ráðherra í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Rekstrarkostnaður ráðherrabifreiðar og bílstjóra það tímabil hefur því verið færður til helminga vegna sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra annars vegar og ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hins vegar, líkt og sjá má í töflum 3 og 4.

Tafla 3. *Mánaðarlegur rekstrarkostnaður ráðherrabifreiðar atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra.*

	* 2012	* 2013
jan.		123.992
febr.		18.672
mars		127.118
apr.		38.064
maí		142.772
júní		
júlí		
ág.		
sept.	58.113	
okt.	104.030	
nóv.	98.233	
des.	61.341	

Tafla 4. *Mánaðarlegur kostnaður vegna bílstjóra og afleysingabílstjóra atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra.*

	* 2012	* 2013
jan.		591.412
febr.		571.412
mars		598.231
apr.		598.231
maí		626.931
júní		
júlí		
ág.		
sept.	571.412	
okt.	571.412	
nóv.	626.404	
des.	571.412	

Í september árið 2012 tók atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið formlega til starfa við sameiningu þriggja ráðuneyta. Ráðuneytin þrjú voru efnahags- og viðskiptaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti. Neðangreindur kostnaður er vegna efnahags- og viðskiptaráðuneytis árin 2009–2012 og iðnaðarráðuneytis árin 2009–2012.

Tafla 5. *Mánaðarlegur rekstrarkostnaður ráðherrabifreiðar efnahags- og viðskiptaráðherra.*

	2009	2010	* 2011	* 2012
jan.	348.546	303.021	245.576	152.915
febr.	37.450	56.581	52.149	27.458
mars	42.212	59.862	416.838	26.487
apr.	60.825	59.870	98.499	45.920
maí	141.676	144.875	56.962	88.329
júní	47.664	51.510	140.378	208.372
júlí	47.668	50.961	90.330	191.798
ág.	29.469	166.873	54.093	28.957
sept.	43.674	244.483	85.781	42
okt.	52.062	94.401	78.011	
nóv.	131.253	77.679	60.964	
des.	51.362	6.666	199.860	850

Tafla 6. Mánaðarlegur kostnaður vegna bílstjóra og afleysingabílstjóra efnahags- og viðskiptaráðherra.

	2009	2010	* 2011	* 2012
jan.	539.908	541.094	570.146	616.552
febr.	486.448	491.730	523.916	569.024
mars	520.784	491.083	518.121	596.315
apr.	492.133	488.687	521.398	596.233
maí	515.262	515.355	519.966	656.074
júní	487.035	499.228	546.080	593.383
júlí	491.289	498.275	556.561	588.212
ág.	519.550	500.270	545.445	2.160
sept.	520.816	651.438	547.438	3.288
okt.	502.453	777.231	546.308	5.414
nóv.	584.834	519.307	689.241	
des.	511.814	518.633	575.122	4.144

Tafla 7. Mánaðarlegur rekstrarkostnaður ráðherrabifreiðar iðnaðarráðherra.

	2009	2010	* 2011	* 2012
jan.	1.410.047	201.925	28.160	195.163
febr.	115.308	46.970	1.653.478	12.687
mars	210.045	63.408	232.019	24.639
apr.	236.131	205.221	68.110	17.575
maí	138.284	263.894	76.531	82.460
júní	37.760	271.650	204.844	20.744
júlí	56.151	94.185	48.345	146.169
ág.	43.320	135.702	227.919	
sept.	55.610	-95.755	46.619	
okt.	44.211	37.042	62.330	
nóv.	48.249	86.098	192.393	
des.	95.580	26.735	190.472	

Tafla 8. Mánaðarlegur kostnaður vegna bílstjóra og afleysingabílstjóra iðnaðarráðherra.

	2009	2010	* 2011	* 2012
jan.	281.906	512.669	770.307	577.245
febr.	591.027	508.902	517.017	575.036
mars	588.238	514.252	521.797	603.870
apr.	585.855	515.242	517.876	118.656
maí	965.650	516.374	545.473	600.686
júní	487.498	525.656	613.457	612.469
júlí	546.309	524.325	545.843	607.179
ág.	528.264	527.488	545.846	606.165

Tafla 8. *Mánaðarlegur kostnaður vegna bílstjóra og afleysingabílstjóra iðnaðarráðherra.*

	2009	2010	* 2011	* 2012
sept.	529.220	525.332	545.073	605.532
okt.	509.645	523.331	544.982	610.129
nóv.	534.920	526.476	608.915	-1.164.009
des.	533.054	526.411	617.803	14.039